

Stjórnarháttayfirlýsing

Fyrir árið 2019



Stjórnarháttayfirlýsing

Varðar trygginga hf. fyrir árið 2019

Góðir stjórnarhættir stuðla að opnum og traustum samskiptum stjórnar, hluthafa, viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila, s.s. starfsmanna og almennings. Góðir stjórnarhættir leggja ennfremur grunninn að ábyrgri stjórnun og ákvarðanatöku, með það að markmiði að skapa varanleg verðmæti fyrir félagið og eigendur þess.

Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum

Í mars 2019 hlaut Vörður tryggingar hf. í fyrsta sinn viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum að undangenginni formlegu mati og úttekt sem byggir á leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland gefa út. Vörður hlaut viðurkenninguna í kjölfar ítarlegrar úttektar á stjórnarháttum félagsins, s.s. starfsháttum stjórnar, undirnefnda og stjórnenda, sem framkvæmd var af ráðgjafa, sérfræðingi í stjórnarháttum. Viðurkenningin gildir í þrjú ár í senn.

Lagarammi um starfsemina og fylgni við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja

Verði tryggingum hf. („Vörður“) ber, skv. 9. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016 að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.


Félagið tekur mið af *Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja*, sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland, en vikur þó frá hluta þeirra sbr. það sem fram kemur hér að neðan. *Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja*, 5. útgáfu 2015, má finna á vefsíðu Viðskiptaráðs Íslands, www.vi.is eða á www.leidbeiningar.is. Lög um váttryggingastarfsemi 100/2016 (vtsl) og lög um hlutafélög 2/1995 (hfl), innihalda einnig sérreglur um stjórnarhætti, starfshætti og stjórnskipulag sem ganga í einhverjum tilfellum lengra en leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja.

Stjórnarháttayfirlýsing þessi er sett þannig fram að fyrst er fjallað almennt um félagið, stjórn þess og skipulag, síðan eru stjórnarhættir félagsins yfirfarnir og frávik frá leiðbeiningum tilgreind, þegar við á, eins og lög gera ráð fyrir. Grundvöllur góðra stjórnarháttanna fyrirtækja er „fylgið eða skýrið“ reglan (e. comply or explain) sem leggur þær skyldur á herðar stjórnnum sem fylgja leiðbeiningunum, að þær útskýri og geri skilmerkilega grein fyrir öllum frávikum frá leiðbeiningunum í stjórnarháttayfirlýsingu.

Vörður er hlutafélag og um starfsemi félagsins gilda m.a. vtsl. og hfl. Félagið er váttryggingafélag og er því eftirlitsskyldur aðili sem lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins („FME“), sbr. lög nr. 87/1998. Lög og reglur sem varða starfsemi váttryggingafélaga má nálgast m.a. á vef Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is, og á vef Alþingis, www.althingi.is. Arion banki er stærsti eigandi Varðar en hann tók við eignarhlut BankNordik í félaginu seinni hluta árs 2016 og fer nú með 99,99% hlut. Dótturfélag Varðar, Vörður líftryggingar hf. („Vörður líf“), fer með 0,01% eignarhlut í Verði.

Skipuriti Varðar var síðast breytt á árinu 2018 í kjölfar stefnumótunnar og einfaldað. Skipuritið er því óbreytt á milli ára.

Skipurit félagsins:



Samsetning stjórnar og undirnefndir

Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum Varðar í samræmi við lög og samþykktir félagsins. Aðalfundur félagsins var haldinn 7. mars 2019 og var ný stjórn kjörin. Stjórn Varðar samanstendur af fimm stjórnarmönnum og tveimur varamönnum, í samræmi við samþykktir félagsins. Ekki er til staðar tilnefningarnefnd hjá Verði, en hlutverk slíkrar nefndar er að tilnefna einstaklinga til stjórnarsetu og gæta jafnframt að hagsmunum allra hluthafa. Hér er því um frávik frá leiðbeiningunum að ræða en ekki hefur þótt ástæða til skipan slíkrar nefndar þar sem eignarhald félagsins er einfalt, einungis einn stór hluthafi og því ekki um það að ræða að gæta þurfi hagsmuna margra.

Stjórn annast þann þátt rekstrar sem ekki telst til daglegs rekstrar, samanber það sem fram kemur í starfsreglum stjórnar. Stjórnarformaður félagsins ber ábyrgð á að boðað sé til stjórnarfunda auk þess sem hann ber ábyrgð á samskiptum stjórnar við hluthafa og gerir stjórn, eftir atvikum, grein fyrir þeim samskiptum á stjórnarfundum. Stjórnin hefur lögbundnu hlutverki að gegna, en hlutverk hennar er ítarlega skilgreint í gildandi starfsreglum stjórnar. Starfsreglur stjórnar voru yfirfarnar á öðrum ársfjórðungi 2019 og uppfærðar og í framhaldinu. Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á vef félagsins, vordur.is. Stjórnarformaður stýrir stjórnarfundum og stjórnarfundargerðir eru haldnar um það sem fram fer á stjórnarfundum og eru þar bókaðar allar ákvarðanir sem teknar eru. Stjórn var ákvörðunarbær á öllum fundum á starfsárinu. Stjórn hélt alls 12 stjórnarfundi á starfsárinu en samkvæmt starfsreglum skulu fundir haldnir að jafnaði einu sinni í mánuði. Stjórn félagsins er skipuð aðilum með fjölbreytta reynslu og bakgrunn sem gerir henni kleift að fást við og sinna málefnum félagsins af skilvirkni og heilindum.

Samkvæmt starfsreglum skal stjórn árlega framkvæma árangursmat þar sem störf hennar eru metin og samsetning, verklag og starfshættir eru rýndir auk þess sem störf forstjóra eru metin. Tilgangur slíks árangursmats er að hjálpa stjórnarformanni og stjórn að meta skilvirkni starfa sinna ásamt því að vinna að framþróun og umbótum í störfum stjórnarinnar. Árangursmati er þannig ætlað að bæta vinnubrögð og auka skilvirkni. Árangursmat stjórnar vegna starfsársins 2019-2020 var framkvæmt í lok árs 2019 og hefur þegar verið fjallað um niðurstöður og aðgerðir fyrir árið 2020 hafa verið listaðar upp.

Stjórn Varðar var skipuð eftirfarandi aðilum á árinu 2019; Benedikt Olgeirsson stjórnarformaður, Iða Brá Benediktsdóttir, varaformaður, Guðný Benediktsdóttir, Óskar Hafnfjörð Auðunsson og Sigrún Ragna Ólafsdóttir fram til maí 2019. Varamenn voru kjörnir á aðalfundi félagsins; Íris Björk Hreinsdóttir og Þorvarður Sæmundsson. Sigrún Ragna Ólafsdóttir sagði sig úr stjórn félagsins í maí sl. þegar hún tók sæti í stjórn Stefnis sem einnig er dótturfélag Arion banka. Á hluthafafundi í september 2019 var Katrín Olga Jóhannsdóttir, kjörin í hennar stað og tók hún sæti í aðalstjórn Varðar frá þeim tíma. Stjórnina skipa því tveir karlar og þrjár konur og er því ákvæði 63. gr. hlutafélagalaga um kynjahlutfall stjórnar virt að fullu.

Benedikt Olgeirsson, fæddur 4. október árið 1961. Benedikt var fyrst kjörinn í stjórn félagsins á aðalfundi þess í mars 2017 og gegnir stjórnarformennsku í Verði og Verði líftryggingum hf. Hann er ekki hluthafi í Verði og er óháður stjórnarmaður. Benedikt hefur frá því í september 2017 setið í starfskjaranefnd Varðar og gegnir þar formennsku. Benedikt lauk meistaraþrófi í framkvæmdaverkfræði og verkefnastjórnun hjá University of Washington í Seattle árið 1987. Benedikt lauk prófi í byggingaverkfræði frá Háskóla Íslands árið 1986. Benedikt starfar sem framkvæmdastjóri Hringbrautarverkefnis hjá Landspítalanum. Benedikt hefur m.a. starfað sem aðstoðarforstjóri Landspítalans, framkvæmdastjóri hjá Atorku hf. og framkvæmdastjóri Parlogis ehf. Hann hefur jafnframt starfað sem stjórnandi hjá Eimskip auk þess að hafa setið í stjórnnum ýmissa félaga s.s. Arion banka hf., Promens hf., Icepharma hf., Parlogis ehf. og InterBulk Group sem var skráð í Kauphöllinni í London.

Iða Brá Benediktsdóttir, fædd 10. nóvember árið 1976. Iða Brá var fyrst kjörin í stjórn félagsins á aðalfundi þess í mars 2018 og gegnir hún varaformennsku. Iða Brá er starfsmaður eiganda og telst því *háður* stjórnarmaður. Hún hefur ekki annars konar tengsl við viðskiptaaðila, samkeppnisaðila, eða aðra hluthafa og hefur ekki unnið fyrir félagið hvorki sem starfsmaður né ráðgjafi. Iða Brá lauk viðskiptafræðigráðu (Bsc) frá Háskóla Íslands 1999. Lauk MSc í fjármálum frá Erasmus Graduate School of Business í Hollandi og prófi í verðbréfavíðskiptum. Iða Brá starfar sem framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Arion banka hf. frá 2017 og hefur starfað hjá Arion banka frá árinu 1999. Þar hefur hún sinnt ýmsum störfum svo sem framkvæmdastjóri fjárfestingabankasviðs og forstöðumaður einkabankþjónustu. Hefur setið í stjórnnum nokkurra fyrirtækja; Sparisjóðs Ólafsfjarðar, AFL sparisjóðs, fasteignafélagsins Landsfesta og HB Granda hf. og Stoða.

Guðný Benediktsdóttir, fædd 19. september 1964. Guðný var kjörin í stjórn Varðar á hluthafafundi í september 2016 og endurkjörin á aðalfundi félagsins í mars 2017 og aftur á aðalfundi þess í mars 2018. Guðný hefur engin hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða hluthafa í félaginu og hefur ekki unnið önnur verkefni fyrir félagið og telst því *óháð*. Guðný hefur setið í endurskoðunarnefnd Varðar á starfsárinu, þ.e. frá apríl 2018 og gegnt þar formennsku. Guðný er með próf í vélaverkfræði (Cand. Scient.) frá Háskóla Íslands frá árinu 1989 og MBA gráðu frá Colorado State University frá árinu 1991. Guðný starfar sem rekstrarstjóri gæðakerfis á Verkfræði- og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands. Guðný starfaði áður sem gæðastjóri hjá Sjóvá á árunum 2007-2012, sem framkvæmdastjóri Líflands 2012-2013, og forstöðumaður þjónustu hjá Ólíudreifingu 2013-2015. Guðný hefur setið í stjórnnum ýmissa félaga, s.s. stjórn Okkar líftrygginga hf. og stjórn Leiðtoga Auðar. Þá hefur hún gegnt formennsku í endurskoðunarnefndum Okkar líftrygginga og Sjóvá.

Óskar Hafnfjörð Auðunsson, fæddur 4. október 1982. Óskar tók sæti í stjórn Varðar á aðalfundi félagsins 2018 en hafði áður setið í varastjórn Varðar líftrygginga hf. frá hluthafafundi í október 2016 og var endurkjörinn í varastjórn Varðar líftrygginga á aðalfundi í mars 2017. Hann tók síðan sæti í aðalstjórn Varðar líftrygginga á hluthafafundi í ágúst 2017. Hefur ekki unnið fyrir félagið önnur verkefni og hefur engin annars konar tengsl við viðskiptaaðila, samkeppnisaðila né aðra stóra hluthafa. Óskar er *háður* stjórnarmaður í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja þar sem hann er fyrrum starfsmaður eiganda. Óskar hefur setið í starfskjaranefnd Varðar á starfsárinu. Óskar er með B.Sc. próf í stærðfræði frá Háskóla Íslands síðan 2004. Hann hefur starfað sem fjármálastjóri Trefja ehf. frá september 2016. Starfaði áður sem aðstoðarframkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Arion banka og einnig á viðskiptabankasviði Landsbankans. Óskar sat í varastjórn Okkar líftrygginga hf. og stjórn Tekjuverndar ehf. og gegndi þar stjórnarformennsku. Óskar situr í stjórn Auðkennis.

Katrín Olga Jóhannesdóttir, fædd 1. ágúst 1962. Katrín Olga var kjörin í aðalstjórn hluthafafundi félagsins í september 2019. Katrín Olga hefur engin hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða hluthafa í félaginu og hefur ekki unnið önnur verkefni fyrir félagið og telst því *óháður* stjórnarmaður. Katrín Olga er viðskiptafræðingur (Cand. Oecon) frá Háskóla Íslands 1987. Lauk meistaraþrófi í Viðskiptafræði frá Háskólanum í Óðinsvé í Danmörku árið 1989 auk viðbótarmenntunar í fjármálum fyrirtækja við London Business School árið 2008. Katrín Olga er formaður stjórnar Viðskiptaráðs Íslands, ásamt því að sitja í stjórn Haga og í fjárfestingarráði Akurs fjárfestingarfélags. Hún situr í háskólaráði Háskólans í Reykjavík og er meðlimur í Samráðsvettvangi um aukna hagsæld. Áður hefur Katrín Olga setið í stjórn Icelandair Group, Advania, Ölgerðarinnar, í bankaráði Seðlabanka Íslands, í stjórn IcePharma og fleiri fyrirtækja. Þá hefur Katrín Olga víðtæka reynslu sem stjórnandi í íslensku viðskiptalífi.

Upplýsingar um óhæði stjórnarmanna eru sendar hluthöfum fyrir hluthafafund, áður en stjórnarkjör fer fram. Lögum og reglum sem gilda um mat á óhæði stjórnarmanna er fylgt í hvívetna.

Ný stjórn sem kjörin var á aðalfundi, skipaði í samræmi við starfsreglur sínar, í endurskoðunarnefnd á fyrsta formlega fundi stjórnar, strax eftir aðalfund 7.apríl 2019

Endurskoðunarnefnd er sameiginleg fyrir samstæðuna þ.e. Vörð og Vörð líf . Vörður hefur hingað til átt einn fulltrúa í endurskoðunarnefnd og Vörður líftryggingar á einn fulltrúa, þriðji aðili nefndarinnar er utanaðkomandi og skal stjórn Varðar tilnefna þann nefndarmann, sbr. ákvæði 13.2 í starfsreglum stjórnar. Á fundi stjórnar í maí var ákveðið að fjölga um einn nefndarmann í endurskoðunarnefnd meðal annars þar sem fyrirhugaðar voru umfangsmiklar breytingar á reikningsskilastaði og uppgjörsaðferðum við ársreikning. Fjórir aðilar sitja því nú í endurskoðunarnefnd og á Vörður tryggingar því tvo aðila í nefndinni. Endurskoðunarnefnd skipa; Guðný Benediksdóttir, formaður f.h Varðar trygginga hf., Laufey Gunnarsdóttir, utanaðkomandi sérfræðingur í reikningsskilum og Ingibjörg Arnarsdóttir, f.h Varðar líftrygginga hf. Sigrún Ragna Ólafsdóttir sem kjörin var í stjórn Varðar trygginga á aðalfundi í mars, var fjórði nefndarmaður í endurskoðunarnefnd þar til hún sagði sig úr stjórn Varðar trygginga í maí 2019. Katrín Olga Jóhannsdóttir, tók sæti Sigrúnar Rögnu í endurskoðunarnefnd þegar hún var kjörin í stjórn félagsins á hluthafafundi í september sl. Nefndarmenn uppfylla hæfisskilyrði laga nr. 3/2016, sbr. 108. gr. a. Hlutverk nefndarinnar og helstu verkefni eru skilgreind í gildandi starfsreglum nefndarinnar sem endurskoðaðar voru á árinu og samþykktar á fundi nefndarinnar í maí og hafa verið staðfestar af stjórn. Reglurnar eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins. Endurskoðunarnefnd hélt 8 fundi á starfsárinu 2019-2020, þ.e. frá aðalfundi og hefur nefndin skilað stjórn skýrslu vegna starfsársins. Endurskoðunarnefnd var ákvörðunarbær á öllum fundum.

Starfskjaranefnd var ennfremur skipuð á árinu. Starfskjaranefnd er sameiginleg fyrir samstæðuna og skal skipuð þremur mönnum sbr. starfsreglur stjórnar. Starfskjaranefnd skipa; Benedikt Olgeirsson, sem gegnir formennsku situr f.h Varðar trygginga hf., Óskar Hafnfjörð Auðunsson f.h. Varðar trygginga hf. og Ásgerður H. Sveinsdóttir, stjórnarmaður Varðar líftrygginga hf. Stjórn hefur sett starfsreglur fyrir starfskjaranefnd sem yfirfarnar voru á árinu og staðfestar voru af stjórn á fundi í desember, en þar eru tilgreind helstu verkefni starfskjaranefndar. Starfskjaranefnd fundaði þrisvar á starfsárinu 2019-2020 en samkvæmt starfsreglum skal nefndin funda a.m.k. tvisvar á ári. Starfskjaranefnd var ákvörðunarbær á öllum fundum. Starfskjarastefna er í gildi og eru hún yfirfarin árlega og samþykkt á aðalfundi. Bæði starfsreglur starfskjaranefndar og starfskjarastefna eru birtar á heimsíðu félagsins eins og leiðbeiningarnar gera ráð fyrir.

Undirnefndir upplýsa stjórn reglulega um störf sín og verkefni, m.a. munnlega á stjórnarfundum og stjórn hefur einnig aðgang að fundargerðum þeirra. Endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd skila skýrslu til stjórnar um helstu verkefni á starfsárinu og hafa báðar nefndir skilað sinni árlegu skýrslu vegna starfsársins 2019-2020. Samkvæmt starfsreglum stjórnar er það formaður stjórnar sem ber ábyrgð á samskiptum við forstjóra félagsins og eftir atvikum aðra starfsmenn félagsins á milli stjórnarfunda. Formaður stjórnar ber jafnframt ábyrgð á samskiptum við hluthafa. Samskipti við hluthafa fara fyrst og fremst fram á hluthafafundum en stjórnarformaður á þó góð samskipti við eiganda á milli funda en ef slík samskipti eiga sér stað er greint frá þeim á stjórnarfundum.

Forstjóri og aðrir stjórnendur

Forstjóri er ráðinn af stjórn félagsins og ber hann ábyrgð á daglegum rekstri gagnvart stjórn og hluthöfum. Honum ber að sjá til þess að rekstur félagsins sé í öllum atriðum samkvæmt lögum og reglum, samþykktum félagsins og ákvörðunum stjórnar. Forstjóri félagsins er Guðmundur Jóhann Jónsson, fæddur 4. nóvember 1959, til heimilis í Kópavogi. Guðmundur Jóhann lauk viðskiptafræði frá Seattle University árið 1985 og MBA námi frá Edinborgarháskóla árið 2000. Guðmundur hefur verið forstjóri Varðar frá árinu 2006. Guðmundur á engan eignarhlut í félaginu, hvorki beint né í gegnum tengda aðila. Engir kaupréttarsamningar eru við félagið. Guðmundur er stjórnarmaður í Origo hf., og situr í stjórn Viðskiptaráðs Íslands. Guðmundur hefur engin hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða hluthafa í félaginu.

Auk forstjóra starfa fjórir framkvæmdastjórar hjá félaginu, sem í skipuriti heyra undir forstjóra, og er hver þeirra ábyrgur fyrir sínu sviði gagnvart honum. Framkvæmdastjórar eru; Helena Hilmarsdóttir,

framkvæmdastjóri fjármála og tækni, Harpa Víðisdóttir, framkvæmdastjóri mannauðs, Sigurður Óli Kolbeinsson, framkvæmdastjóri tjóna og stofnstýringar og Steinunn Hlíf Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri ráðgjafar og þjónustu. Í samræmi við kröfur vtsl. hafa lykilstarfssvið félagsins verið skilgreind og sjálfstæði þeirra sem bera ábyrgð á þeim er tryggt. Áhættustjóri Guðrún Einarsdóttir og regluvörður Hrefna Kristín Jónsdóttir heyra beint undir forstjóra. Starfssviði tryggingastærðfræðings er úthýst til TBG ehf., Tryggingastærðfræðistofu Bjarna Guðmundssonar, en heyrir engu að síður í skipuriti, beint undir forstjóra. Þá er innri endurskoðun úthýst til Arion banka hf. en innri endurskoðun heyrir beint undir stjórn í skipuriti.

Innra eftirlit og áhættustýring

Innra eftirlit er ferli sem mótað er af stjórn, forstjóra og stjórnendum Varðar, sem og öðrum starfsmönnum. Stefna stjórnar um innra eftirlit var síðast yfirfarin á árinu 2018, síðan þá hefur kerfið allt verið yfirfarið og innra eftirlitskerfið er byggt upp á þeim grunni. Tilgangur innra eftirlits er að veita hæfilega vissu fyrir því að fyrirtækið nái markmiðum sínum. Innra eftirlitskerfið byggist upp á þremur varnarlínnum þar sem stjórnendur og starfsmenn allir eru í fyrstu varnarlínu, lykilstarfssvið áhættustýringar, regluvörslu og tryggingastærðfræðings í annarri varnarlínu og í þriðju varnarlínu er innri endurskoðun.

Lögð var sérstök áhersla á árinu 2018 og fram á árið 2019 að formfesta betur innra eftirlit félagsins og þá einkum innra eftirlit stjórnenda. Innra eftirlit er jafnframt innbyggt í verklagsreglur, verkferla og vinnulýsingar. Hver og einn starfsmaður ber ábyrgð á að verkferlar og vinnulýsingar séu réttar, og að jafnframt sé unnið eftir þeim. Haldið er utan um allar verklagsreglur, verkferla og vinnulýsingar í sérstakri gæðahandbók. Áhersla er lögð á skýra verkaskiptingu og að nauðsynleg þekking sé ávallt til staðar. Verklagsreglur eru yfirfarnar reglulega og verkferlar sannreynir bæði af stjórnendum félagsins og af innri endurskoðun, sem tekur árlega út ákveðna þætti í starfsemi félagsins.

Stjórn hefur sett félaginu áhættustefnu. Áhættustefnan tryggir heildarsýn yfir helstu áhættur og skilgreinir áhættuvilja stjórnar. Jafnframt er fjallað þar um skipulag og framkvæmd áhættustýringar innan samstæðu Varðar. Stjórn hefur einnig sett sérstaka stefnu um eigið áhættu- og gjaldþolsmat (ORSA stefnu) í samræmi við Solvency II tilskipun nr. 2009/138/EB og kröfur vtsl. Félagið hefur að auki árlega unnið og skilað til Fjármálaeftirlitsins eigin áhættu- og gjaldþolsmati, (ORSA - Own Risk Solvency Assessment) og farið í gegnum áhættusjálfsmat ár hvert (RCSA - Risk Control Self Assessment). Niðurstöður ORSA veita stjórn og stjórnendum upplýsingar um áhættusnið og fjárhagsþörf félagsins miðað við gefnar forsendur. Matið tekur mið af lokastöðu liðins árs og horft er til framtíðar, og byggt á áætlun til næstu þriggja ára. Hafa skal niðurstöður til hliðsjónar við allar stefnumarkandi ákvarðanir sem teknar eru.

Stjórn hefur sett hlítningarstefnu fyrir Vörð og eitt meginhlutverk regluvarðar sem þáttur í innra eftirliti er að draga úr hlítningaráhættu með skilvirkum aðgerðum. Á árinu 2019 var komið á sérstöku kerfi við mat á hlítningaráhættu sem unnið er með áhættustýringu til þess að koma auga á helstu áhættur, greina þær og meta og stuðla þannig að því að gripið sé til viðeigandi aðgerða til að draga úr líkum á því að slík áhætta raungerist.

Innri endurskoðun er nú úthýst til innri endurskoðunar Arion banka hf., eins og að framan greinir. Helsta hlutverk innri endurskoðunar er að veita óháða og hlutlæga staðfestingu á ráðgjöf sem ætlað er að vera virðisaukandi og bæta þannig rekstur félagsins. Ytri endurskoðun félagsins er í höndum Deloitte samkvæmt ákvörðun aðalfundar í mars 2017, en meginreglan er sú að ytri endurskoðandi skal kosin til fimm ára samfellt, sbr. 70 .gr. laga nr. 100/2016.

Stefna um samfélagslega ábyrgð, siðferðisvitund og persónuvernd

Vörður hefur sett sér stefnu um samfélagslega ábyrgð og að auki eru ófjárhagslegar upplýsingar um samfélagslega ábyrgð félagsins birtar með ársreikningi í samræmi við ákvæði laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Stefnan miðar að því að starfa til hagsbóta fyrir viðskiptavinum fyrirtækisins, starfsmenn, eigendur og samfélagið í heild sinni og skapa þannig sameiginlegt virði. Vörður einsetur sér í allri starfsemi sinni að hafa jákvæð áhrif á samfélagslega þróun og umhverfið sem fyrirtækið starfar í. Rækt við mannauðinn, ábyrg tryggingastarfsemi, virk umhverfisstefna, ábyrgir stjórnunarhættir, framlög og styrkir til góðgerðar- og félagssamtaka, rekstur- og þjónusta byggð á siðrænum gildum, fræðsla, gegnsæi og virk

upplýsingagjöf er meðal kjarnabáttur í samfélagsstefnu Varðar. Stefnu Varðar um samfélagslega ábyrgð má finna á vefsíðu félagsins, vordur.is. Vörður fékk fyrst íslenskra fjármálafyrirtækja jafnlaunavottun og hefur verið með slíka vottun frá árinu 2014, en slík vottun er hluti af samfélagslegri ábyrgð Varðar, á árinu 2019 fékk Vörður jafnframt viðurkenningu Jafnvægisvogar FKA fyrir að standa framarlega í jafnréttismálum og vera með jöfn hlutföll kvenna og karla í efsta stjórnunarlagi. Í allri starfsemi félagsins er lögð áhersla á mikilvægi þess að hagsmunir viðskiptavina, eigenda, starfsmanna og þjóffélagsins í heild séu hafðir að leiðarljósi.

Vörður er enn fremur með siðareglur fyrir starfsmenn sína og aðrar innri reglur til að draga úr líkum á hagsmunaárekstrum. Tilgangur þeirra er að vinna að samfélagslegri ábyrgð, stuðla að heiðarleika, réttisýni og sanngirni í viðskiptum og efla traust viðskiptavina og almennings á Verði. Reglunum er ætlað að brýna fyrir starfsfólki hverskyns hagsmunaárekstra og vafasama viðskiptahætti er rýrt geta ásýnd félagsins og þeirra sjálfra. Reglurnar má finna á heimasíðu félagsins vordur.is

Verði er umhugað um persónuvernd og réttindi viðskiptavina sem varða persónuupplýsingar. Vörður hefur sett sér persónuverndarstefnu sem finna má á heimasíðu félagsins og þar kemur fram hvernig Vörður vinnur persónuupplýsingar með sanngjörnum, lögmætum og gagnsæjum hætti. Persónuverndarstefnan segir enn fremur til um hvaða upplýsingar eru geymdar og í hvaða tilgangi, hvert persónuupplýsingum kann að verða miðlað og hvernig öryggi þeirra er tryggt. Persónuverndarfulltrúi er samnýttur með móðurfélaginu Arion banka og hægt er að hafa beint samband við hann, eða starfandi persónuverndarráð Varðar sem sér um persónuverndarmál frá degi til dags.

Brot á lögum reglum, dómur eða stjórnvaldsúrskurðir

Félagið hefur enga dóma hlotið fyrir refsiverðan verknað skv. almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um váttryggingastarfsemi eða löggjöf um hlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldprot eða opinber gjöld, eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með váttryggingastarfsemi. Einn úrskurður frá persónuvernd féll á árinu 2019 og varðaði atvik sem átti sér stað á árinu 2017 þar sem félaginu var gert að gera tiltekna breytingar á verklagi sínu. Þegar hefur verið brugðist við þeirri niðurstöðu. Engar ákvarðanir eftirlits- og/eða úrskurðaraðila, um brot á lögum eða reglum, hafa á árinu 2019 varðað starfsemi félagsins.

Að lokum er rétt að geta þess að félagið vísar að hluta frá leiðbeiningunum varðandi opinbera upplýsingagjöf og hefur þannig hingað til t.d. ekki birt á heimasíðu sinni, upplýsingar um hluthafafundi, þ.m.t. tímasetningar og upplýsingar um framboð til stjórnar. Ekki hefur verið talin sérstök þörf á slíkri upplýsingagjöf enda einungis um að ræða einn aðal eiganda. Í ljósi þessa hefur fyrirkomulagið verið með þeim hætti að upplýsingar eru sendar hluthafa innan tilskilinna tímamarka og samtímis gerðar aðgengilegar á skrifstofu félagsins eins og lög gera ráð fyrir. Áður hefur verið gerð grein fyrir því að ekki er starfandi tilnefningarnefnd vegna tilnefninga í stjórn félagsins, en vísað er til frekari umfjöllunar um það hér að framan. Fleiri upplýsingar tengdar tilnefningarnefnd sem æskilegt er að birta opinberlega eiga því ekki við um Vörð. Aðrar upplýsingar, sem leiðbeiningarnar kveða á um að telji sem mikilvægra upplýsinga, eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins vordur.is

Dótturfélag Varðar, Vörður líf, lýtur sjálfstæðri stjórn sem tekur ákvarðanir um öll meiriháttar málefni félagsins. Vörður líf hefur falið Verði að annast allan daglegan rekstur félagsins á grundvelli útvistunarsamnings. Útvistun nær til allrar aðstöðu og þjónustu og til að viðhalda eðlilegum og skilvirkum rekstri og nær þjónusta Varðar til allra þátta í rekstri Varðar lífs, þ.á.m. lykilstarfssviða skv. Solvency II og innra eftirlits. Þannig eru engir eiginlegir starfsmenn hjá Verði líf heldur leysa starfsmenn Varðar öll þau daglegu verkefni sem tilheyra rekstri Varðar lífs. Stjórnarháttayfirlýsing þessa og stjórnkerfi skal því skoða í því ljósi.

Stjórnarháttayfirlýsing þessi var yfirfarin og samþykkt af stjórn Varðar trygginga hf.

